

Ed.

773. Nefndarálit

[342. mál]

um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Skattkerfisbreytingin, sem felst í þessu frumvarpi og þremur fylgfrumvörpum, felur ekki í sér almenna skattalækkun fyrir launamenn; sumir fá þyngri skatt en áður og á öðrum minnkar skattbyrðin. Breytingin felst hins vegar í verulegri *einföldun* álagningar og *staðgreiðslu* skattanna. Hvort tveggja er ágætt svo langt sem það nær, en ríkisstjórnin er áfram óralangt frá því marki, sem hún setti sér í upphafi ferils síns, að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum.

Það er stærsti ágallinn á þessum frumvörpum um nýtt skattkerfi að ekki er látið eitt yfir alla ganga, fyrirtæki jafnt sem einstaklinga, með einföldun og staðgreiðslu tekjuskatts á fyrirtæki og álagningu á brúttóhagnað þeirra hliðstætt því sem nú verður hjá launafólki, að brúttótekjur þess verða skattlagðar og flestir frádráttarliðir hverfa. Með afnámi hinna fjöldamörgu frádráttarheimilda, sem fyrirtæki eiga völ á til að lækka skattstofn, yrði heildarskattstofninn, sem lagt væri á, verulega miklu stærri og gerði það hvort tveggja mögulegt: að lækka skatthlutfall félaga og afla ríkissjóði aukinna tekna sem numið gætu um 1000–1500 millj. kr.

Í meðfylgjandi tillögum, sem undirritaður leggur hér fram fyrir hönd þingflokks Alþýðubandalagsins, er að því stefnt

að auka skatttekjur ríkissjóðs af fyrirtækjum um 1200 millj. kr;

að minnka um leið skattbyrði á almennum launatekjum um sömu upphæð;

að hækka skattfrelismörk einstaklinga sem svarar til 38 þús. kr. mánaðartekna úr 33 þús. kr. sem frumvörp ríkisstjórnarinnar eru miðuð við;

að draga úr skattbyrði á almennum launatekjum á tekjubílinu frá 38 þús. kr. til 50 þús. kr. mánaðartekna sem svarar til þess að einungis útsvar sé lagt á þessar tekjur en enginn tekjuskattur;

að minnka nokkuð skattbyrði launatekna á tekjubílinu frá 50 upp í 70 þús. kr. miðað við mánuð en þar fyrir ofan mundu áhrif þessarar skattalækkunar fara dvínandi og deyjast út þegar kæmi upp fyrir 100 þús. kr. tekjur.

Þessum markmiðum tillagna okkar yrði náð með því að lækka eða fella niður eftirfarandi heimildir sem fyrirtækjum eru veittar í skattalögum til að gera skattstofn sinn sem minnstan:

1. 10% af matsverði vörubirgða;
2. 5% af útistandandi viðskiptaskuldum;
3. framlög í fjárfestingarsjóði;
4. afskriftir sem ekki eru í neinu samræmi við endingartíma eignanna;
5. framlög í varasjóð.

Samkvæmt þessum tillögum eru afskriftir færðar í fyrra horf eins og þær voru fyrir valdaskeið núverandi ríkisstjórnar og reiknað er með að heimildir til að draga hluta af andvirði vörubirgða og útistandandi viðskiptaskulda falli niður í áföngum á næstu þremur árum.

Skattalækkun í þágu launafólks fælist í því að skatthlutföll yrðu tvö, 33% upp að 50 þús. kr. mánaðartekjum en 38% á tekjur sem væru þar umfram. Jafnframt yrði persónuafsláttur hækkaður úr 11 500 kr. samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar í 12 540 kr.

Til viðbótar er hér lagt til að *leigjendur fái sömu húsnæðisbætur og húsbýggjendum eru ætlaðar*. Leigjendur hafa notið þess undanfarin ár að mega draga hálfu húsaleigu frá við álagningu tekjuskatts. Um 1600 leigjendur nýttu sér þetta við seinustu álagningu og fengu um 60 millj. kr. frádrátt. Að sjálfsögðu er fráleitt að greiða húseigendum húsnæðisbætur en leigjendur fái alls ekki neitt og missi það litla sem þeir höfðu í frádrátt. *Oftast eru leigjendur verr settir í húsnæðismálum en aðrir. Það væri því hneyksli ef þeir gleymdust þegar byrjað er í fyrsta sinn að greiða út húsnæðisstyrki, en að því stefnir að öllu óbreyttu.*

Þá er ljóst að fjölmargir húsbýggjendur með þunga vaxtabyrði koma verr út úr þessu nýja kerfi en því gamla. Á það ekki síst við þá sem fóru illa út úr misgengi lána og launa á árunum 1983–84. Því eru hér gerðar tillögur sem fela það í sér að skattafsláttur vegna vaxtagreiðslna, sem tengjast kaupum eða byggingu eigin íbúða fyrir 1987, verði hliðstæður vaxtafrádrætti samkvæmt núgildandi kerfi og verði m.a. ekki bundinn við sex næstu ár eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir.

Við þessa kerfisbreytingu úr skattlagningu eftir á yfir í staðgreiðsluskatt er mikil hætta á að sumir tapi miklu á breytingunni en aðrir stórgræði.

Þannig er til dæmis um þá sem fara til náms á þessu ári en koma svo aftur til vinnu næsta ár. Í ár eru þeir að greiða skatt af tekjum liðins árs en hefðu að öllu óbreyttu verið skattlausir næsta ár vegna tekjuleysis í ár og þannig bætt sér upp launamissi í eitt ár. Nú lenda þeir beint inn í staðgreiðslu næsta árs. Auðvelt á að vera að veita þeim, sem þannig stendur á fyrir, sérstaka ívilnun við álagningu skatta 1988, en heimild til leiðréttingar af þessu tagi á helst heima í frv. til l. um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, 4. gr., en þar er einmitt fjallað um endurmat á tekjum ársins 1987.

Í 4. gr. nefnds frumvarps er heimild veitt til að leggja skatt á reiknað endurgjald atvinnurekenda vegna eigin starfa á árinu 1987 ef fjárhæðin fer fram úr 25% af endurgjaldi ársins 1986 að teknu tilliti til breytinga á lánskjaravísitölu milli árána 1986 og 1987. Hér er dæmi um menn sem eru húsbændur sjálfs sín og ákveða sjálfum sér laun. Þeir geta hagnast verulega á skattkerfisbreytingunni með því að ætla sjálfum sér há laun árið 1987 en síðan lægri laun árið eftir.


Með ákvæði frumvarpsins er reynt að takmarka skattlausar tekjur sem þannig eru fengnar við 25% ef ekki er sýnt fram á að tekjuhækkun sé fengin með auknu vinnuframlagi. Nær væri að hafa hlutfallið 10% að hámarki og er hér gerð tillaga um það á sérstöku þingskjali.

Á tveimur súluritum, sem birt eru hér sem fylgiskjal, má sjá álagðan tekjuskatt á mismunandi mánaðartekjur, annars vegar samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar og hins vegar samkvæmt tillögum þingflokks Alþýðubandalagsins.


Alþingi, 5. mars 1987.

Ragnar Arnalds.

Fylgiskjal.



Súluritið sýnir tekjuskatt miðað við mánaðartekjur frá 38–128 þús. kr., annars vegar eftir væntanlegri tillögu Alþýðubandalagsmanna (dekkri súlurmar) og hins vegar eftir tillögu ríkisstjórnarinnar. Skattbyrðin verður um 3% lægni allt upp í 70 þús. kr. mánaðartekjur, sem samsvarar 4% hækkun ráðstöfunartekna, en þegar kemur vel yfir 100 þús. kr. mánaðartekjur hverfur þessi munur og þar fyrir ofan snýst dæmið við og skatturinn þyngist í vaxandi mæli, eftir því sem tekjumar verða meiri.



Súluritið sýnir fjögur dæmi um álagðan tekjuskatt miðað við mánaðartekjur einstaklinga, annars vegar eftir tillögu Alþýðubandalagsins (lægri og dekkri súlur) og hins vegar eftir tillögu ríkisstjórnarinnar. Í tillögu Alþýðubandalagsins er miðlungstekjum hlíf ólíkt betur, enda nær algert skattleysi upp í 38 þús. kr. tekjur og aðeins útsvar er á lagt á bilinu frá 38 þús. til 50 þús. kr. mánaðartekjur. Þessi skattalækkun samsvarar um 3% af brúttótekjum á þessu tekjubili og þegar tekið er með í reikninginn, að skattalækkun er tekjuviðbót, sem ekki er skattlögð, verður hækkun ráðstöfunartekna rúm 4%.